

Börkur Sigurbjörnsson

Hvernig hefurðu það?

örsaga



Urban Volcano

Hvernig hefurðu það?


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efnið ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Hvernig hefurðu það?

Hvernig hefurðu það? spyrð þú mjúkri röddu og fylgir spurningunni eftir með skilningsríku brosi.

Áður en þú spurðir þá hafði ég það gott. Ég var afslappaður. Ég naut þess að vera til. Ég hafði gleymt fjármálaerfiðleikum mínum. Ég hafði gleymt tímapressunni. Ég hafði gleymt lögsókninni. Ég hafði það virkilega gott.

Fyrst þú spurðir, þá fer ég að hugsa og kvíðinn kemur aftur yfir mig af fullu afli.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano